



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

☐ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 17. apríl 2007

Tilvísun: UST20070300158/sf

Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 í landi Syðri-Brúar

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu frá 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 í landi Syðri-Brúar í Grímsnesi. Óskað er eftir umsögn í samræmi við 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (mýrlendi). Fram kemur í erindinu að unnið er að breytingu á deiliskipulagi samsvarandi svæðis og verður sú tillaga send til umsagnar Umhverfisstofnunar síðar.

Samkvæmt tillögu að breyttu aðalskipulagi er svæði fyrir frístundabyggð stækkað til suðvesturs að þjóðvegi 36 og jafnframt tekur innra skipulag svæðisins breytingum. Gert er ráð fyrir að um 43 ha lands verði teknir undir opið svæði til sérstakra nota sem ætlað er til útivistar og fyrir golfvöll. Skipulagstillagan gerir jafnframt ráð fyrir að annað tveggja efnistökusvæða í landi Syðri-Brúar verði breytt í opið svæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Sérstök vernd

Innan skipulagssvæðisins er að finna votlendi, en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að framangreint svæði verði tekið undir frístundabyggð að því tilskildu að við skipulagningu byggðarinnar verði votlendi hlíft við raski. Stofnunin telur því mikilvægt að við deiliskipulag svæðisins verði þess gætt að undanskilja votlendissvæði frá byggingarsvæðum.

Vatnsverndarsvæði

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni mun frístundabyggð ná inn á svæði sem skilgreint er sem vatnsverndarsvæði. Í greinargerð með skipulagstillöguni segir m.a.:

„Í hlíðum Búrfells er skilgreint vatnsból í um 160-180 m hæð yfir sjávarmáli. Hluti af syðsta svæði frístundabyggðarinnar er í 80 m hæð og inni á fjarverndarsvæði vatnsverndar. Byggðin er í 1200 m fjarlægð frá vatnsbóli og því talið að frístundabyggðin hafi engin áhrif


á vatnsból í hlíðum Búrfells.”


Umhverfisstofnun telur að ekki fari saman að skilgreina landnotkun á tilteknu svæði bæði sem svæði fyrir frístundabyggð og vatnsverndarsvæði. Stofnunin vekur athygli á ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. reglugerð nr. 913/2003, en þar segir:

„Við gerð starfsleyfis fyrir vatnsveitu eða við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hættu sé á að vatnsbólíð spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar. Við matið, skal eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólísins, líklegum uppsprettum mengunar, mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólísins.”

Umhverfisstofnun telur að slíkt mat þurfi að liggja fyrir áður en tekin er ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar vatnsverndarsvæðið.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir
Lagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.
Arkitektastofan Austurvöllur, b.t. Kristjáns Bjarnasonar.